

Tvöfaldar eignir til á móti innistæðum og veðtryggðum lánnum

Innlán sem nú eru, ásamt veðtryggðri fjármögnun, forgangskröfur í heildareignir gömlu bankanna námu í tilviki Landsbankans um 50% af heildareignum. Miðað við 30. sept. 2008 nam sú fjárhæð um ISK 2.200 milljörðum, þar af voru um 1.800 milljarðar innlán á Íslandi og erlendis.

Umræður um að Icesave kröfur lendi á þjóðarbúinu eru því nokkrum misskilningi byggðar. Þótt tjónið af hruni bankanna með þeirri aðferð sem beitt var (lagasetningu 6. október) og ólögmætum og óréttmætum aðgerðum Breta sé mikið, þurfa 50% af eignum bankans, sem voru um ISK 4.400 milljarðar miðað við 30. sept. 2008, að glatast til að ekki séu til nægar eignir til að mæta forgangskröfum.

